

## Fyrirspurn

til velferðarráðherra um hjúkrunarrými.

Frá Unni Brá Konráðsdóttur.

1. Hver er áætluð þörf fyrir hjúkrunarrými á landinu öllu? Svar óskast sundurliðað eftir sveitarfélögum miðað við biðlista annars vegar og hins vegar áætlaða þörf miðað við íbúafjölda og aldurssamsetningu.
2. Hvaða áætlanir liggja fyrir um uppbyggingu hjúkrunarrýma á landinu, sundurliðað eftir sveitarfélögum?
3. Hver er fjöldi hjúkrunarrýma á landinu, sundurliðað eftir sveitarfélögum?

Skriflegt svar óskast.